

Ed.

611. Nefndarálit

um frv. til laga um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er öll á því máli, að rétt sé að samþykkja þetta frv. í aðalatriðum. Einn nefndarmaður (PM) hefir þó sérstöðu um 13. gr.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum »svo sem tannlæknum« komi: samkvæmt tannlækningalögum.
2. Við 7. gr. Síðasti másl. fyrri málgr. orðist svo:
Heimilt er lækni að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef honum þykir ástæða til vegna ákvæða 10. gr.
3. Við 13. gr. Upphaf 3. málgr. orðist svo:
Í gjaldskránni skal ákveða greiðslur o. s. frv.
4. Við 16. gr. Úr greininni falli orðin »eða sjúkdóma, sem sóttthiti fylgira«.

Alþingi, 3. maí 1932.

Einar Arnason,
form.

Jón Jónsson,
fundaskr., frsm.

Pétur Magnússon.